

M-12/2019. Álit 20. nóvember 2019.

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 20. nóvember 2019 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-12/2019.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 30. janúar 2019 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á þjónustu af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi segir verkið hafa dregist og krefst endurgreiðslu.

II

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar, sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003, geti beðið kæruneftndina um álit á ágreiningnum.

Í álitsbeiðni kemur fram að álitsbeiðandi hafi óskað eftir upplýsingum frá einstaklingi, að nafni Z, um það hvort hann þekki fagmann sem gæti lagað lagnir í fasteign álitsbeiðanda. Að sögn álitsbeiðanda kvaðst sá aðili vera með leyfi og geta tekið að sér verkið, en hann er skráður eigandi seljanda og skráður til heimilis á sama stað. Álitsbeiðandi segir að seljandi hafi hins vegar ekki enn klárað verkið þrátt fyrir að sex mánuðir séu frá því að vinna hans hófst. Þá kveðst álitsbeiðandi hafa komist að því að seljandi hafi ekki lengur leyfi til að framkvæma verkið. Álitsbeiðandi krefst endurgreiðslu á þeirri fjárhæð sem hann greiddi seljanda fyrir verkið, alls 300.000 krónur.

Hinn 30. janúar 2019 var álitsbeiðanda sent bréf frá nefndinni þar sem óskað var eftir gögnum til stuðnings kröfu álitsbeiðanda og nánari upplýsingum um málsatvik, s.s. samningi um kaup á þjónustu af seljanda, reikningi fyrir þjónustuna eða skrifleg samskipti milli aðila. Álitsbeiðandi sendi sama dag afrit af millifærslu til seljanda að fjárhæð 300.000 krónur þann 12. janúar 2019.

Hinn 31. janúar 2019 var álitsbeiðanda sent annað bréf frá nefndinni þar sem óskað var eftir því að álitsbeiðandi gerði betur grein fyrir því í hverju samningur hans og seljanda um þjónustu fólst. Þá var ítrekuð beiðni um gögn til stuðnings kröfu álitsbeiðanda. Álitsbeiðandi sendi þann 1. febrúar 2019 inn gögn þar sem finna má stutt samtal milli álitsbeiðanda og seljanda um framvindu verksins. Af samtalinu verður ráðið að seljandi hafi unnið á gröfu vegna vinnu við lagnir í eða við bílskúr hjá fasteign álitsbeiðanda, en þar er ekki að finna nánari skýringu á þeirri þjónustu sem álitsbeiðandi óskaði eftir.

Hinn 3. nóvember 2019 var álitsbeiðanda á ný sent bréf frá nefndinni þar sem óskað var eftir nánari upplýsingum um atvik málsins svo nefndin geti tekið afstöðu til ágreiningsins. Óskað var eftir upplýsingum um það hvað fólst í samkomulagi aðila um þjónustuna, hvaða vinnu var samið um og hvað fólst í þjónustunni, svo og hvort vinnunni sé lokið. Þá var óskað eftir upplýsingum um framvindu verksins svo unnt væri að taka afstöðu til þeirrar fullyrðingar álitsbeiðanda að verktíminn hafi dregist óeðlilega.

Kærunefndinni hefur ekki borist svar við framangreindu bréfi. Í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa segir:

„Í álitsbeiðni skal lýst því ágreiningsefni sem leitað er álits á og þeim kröfum er beiðandi gerir á hendur gagnaðila. Kröfurnar ber að rökstyðja. Álitsbeiðninni skulu fylgja þau sönnunargögn um málsatvik sem tiltæk eru.“

Í 1. mgr. 7. gr. sömu reglugerðar segir að nefndin taki afstöðu til þess hvort ágreiningur heyri undir hana og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að nefndin geti tekið efnislega afstöðu til ágreiningsins með álitsgerð. Telji nefndin svo ekki vera skal hún vísa máli frá. Þá vísar kærunefndin máli frá ef mál er svo óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óljós að málið er ekki tækt til álitsgjafar.

Á grundvelli þessa telur nefndin óhjákvæmilegt að vísa álitsbeiðni þessari frá.

IV

Álitsorð

Álitsbeiðni álitsbeiðanda, X, er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson